

# Smári sparisjóður hf.

Ársreikningur 2025



# Efnisyfirlit

---

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra .....	<b>2 - 3</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	<b>4 - 6</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>7</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>8 - 9</b>
Sjóðstreymi .....	<b>10</b>
Skýringar .....	<b>11 - 22</b>

Smári sparisjóður hf.  
( Sparisjóður Höfðhverfinga hf.)  
Kennitala 590424-1450  
Túngötu 3, Grenivík

# Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Smára sparisjóðs hf. (Sparisjóðs Höfðhverfinga hf.) er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningskil lánastofnana. Reikningurinn er gerður eftir sömu reikningskilaáðferðum og á síðasta ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 23,1 millj. kr. (var 1,7 millj. kr. árið 2024) en bókfært eigið fé í lok árs nam 1.027,3 millj. kr. (var 555,4 millj. kr. í lok árs 2024). Eiginfjárlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 30,29% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8%.

Fjármálaeftirlitið hefur metið eiginfjárbörf sparisjóðsins út frá SREP ferli og er eiginfjárfrafan nú að viðbættum eiginfjárukum 17,80%.

## Sameining sparisjóða

Stjórnir Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. og Sparisjóðs Strandamanna hf. hófu formlegar viðræður í mars 2025 um sameiningu sjóðanna. Stjórnir sjóðanna undirrituðu samrunaáætlun í lok júní 2025 og skyldi sameiningin miðast við 1. janúar 2025. Hluthafafundur beggja sjóða samþykktu sameininguna í október 2025 og fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands samþykkti sameininguna strax í kjölfarið og voru sjóðirnir sameinaðir miðað við 1. janúar 2025 undir nafninu Smári sparisjóður hf. Frá október 2025 hefur verið unnið að samruna upplýsingatæknikerfa sjóðanna og er það forsenda þess að hægt verði að klára skráningu skv. uppfærðum samþykktum hjá fyrirtækjaskrá. Á meðan eru viðskiptavinir sjóðanna þjónustaðir á sama hátt og áður. Áætlað er að samrunaferlinu ljúki sumarið 2026.

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var 12,6 á árinu og nam launakostnaður samtals 200,4 millj.kr.

## Hluthafar

Hlutafé sparisjóðsins í lok árs 2025 nam 965,5 millj. kr. og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut. Hlutafé sjóðsins var í eigu 190 aðila í lok árs 2025, en hlutafé var í eigu 83 aðila í lok árs 2024. Eftirtaldir aðilar voru stærstu hluthafar sjóðsins í lok árs 2025 og í lok árs 2024, og hafa allir íslenskt ríkisfang:

	Lok árs 2025		Lok árs 2024
KEA svf. ....	26,0%	KEA svf. ....	49,8%
Sænes ehf. og tengdir ....	14,0%	Sænes ehf. og tengdir ....	26,8%
Karl Þór Björnsson ....	2,9%	Heimir Ásgeirsson og tengdir ....	3,4%
Jenný Jensd. og Jón H. Elíasson ....	2,0%	Sparisj Suður-Þingeyinga ses. ....	2,3%
Bragi Guðbr.s. og Sólveig Jónsd. ....	2,0%	Eining-löjja ....	2,2%
Anna Stefánsd. og Unnar Ragnars. ....	2,0%	db. Sveinn Jóhannesson ....	2,0%
Arinbjörn Bernharðsson ....	2,0%	Sparisjóður Austurlands hf. ....	1,7%
Víðir Álfgeir Sigurðars. og tengdir ....	2,0%	Sparisjóður Strandamanna hf. ....	1,0%
Heimir Ásgeirsson og tengdir ....	1,8%	Guðjón Þórsteinsson ....	1,0%
Ragnheiður Jónsdóttir ....	1,5%	Elísa Ingólfssdóttir ....	0,8%
Aðrir ....	43,7%	Aðrir ....	9,0%
Samtals ....	<u>100,0%</u>	Samtals ....	<u>100,0%</u>

KEA svf. er samvinnufélag með yfir 23 þúsund félagsmenn. Sænes ehf. er í 100% eigu Grýtubakkahrepps.

Stjórn sparisjóðsins leggur ekki til að arður verði greiddur til hluthafa á árinu 2026 vegna ársins 2025, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

# Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

---

## Sjálfbærni

Sparisjóðurinn hefur frá upphafi stutt við uppbyggileg samfélagsleg verkefni. Sjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að styðja við nærsamfélagið og samkvæmt 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skuli sparisjóðir ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs í samfélagsleg verkefni.

Sparisjóðurinn gaf út sjálfbærnistefnu snemma á árinu 2024. Tilgangur stefnunnar er að skilgreina megináherslur sparisjóðsins um sjálfbærni, þ.e. í umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS), og greina þau áhrif sem starfsemi hans getur haft á sitt nærumhverfi. Sparisjóðurinn hefur valið ákveðna UFS þætti til að leggja áherslu á í starfseminni, sem eins konar leiðarljós til þess að láta gott af sér leiða fyrir samfélagið, viðskiptavinum, aðra hagaðila og fyrir eigin starfsemi.

## Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að reikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31.12.2025 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.

Stjórnarháttayfirlýsing og ófjárhagslegar upplýsingar eru birtar í skýringum.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Smára sparisjóðs hf. hafa í dag rætt ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni.

27. mars 2026

## Stjórn:

---

Halldór Jóhannsson, formaður

---

Víðir Álfgeir Sigurðarson, varaformaður

---

Björn Líndal Traustason

---

Hildur Ösp Gylfadóttir

---

Sig. Jóhann Ingólfsson

## Sparisjóðsstjóri:

---

Jón Ingvi Árnason

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til hluthafa og stjórnar Smára Sparisjóðs hf. (Sparisjóðs Höfðhverfinga hf.)

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Smára Sparisjóðs hf. (Sparisjóðs Höfðhverfinga hf.) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2025, efnahag hans 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Smára Sparisjóði hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur sem eru viðeigandi fyrir endurskoðun ársreikninga eininga tengda almannahagsmuna. Einnig höfum við uppfyllt aðrar siðareglur sem eru viðeigandi í samræmi við alþjóðlegar siðareglur endurskoðenda sem og siðareglur við endurskoðun á Íslandi.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Smára Sparisjóði hf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sparisjóðsins árið 2025. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
<b>Mat útlána</b> Útlán til viðskiptavina sjóðsins námu 8.052,4 milljónum í árslok eða um 54% af heildareignum sjóðsins. Niðurfærsla vegna vænts útlánataps nam 48,4 milljónum í árslok.  Ákvörðun um mat á virðisrýrnun útlána er háð mati stjórnenda. Vegna mikilvægis matsins, umfangs þess og áhrifa á ársreikninginn teljum við mat á virðisrýrnun útlána vera megináherslu við endurskoðun okkar. Greint er frá útlánunum í skýringum nr. 8, skýrt er frá reikningsskilaaðferðum í tengslum við vænt útlánatap í skýringu nr. 2.	Við höfum lagt mat á virðisrýrnun útlána.  Við endurskoðun okkar lögðum við mat á hvort aðferðarfræði sjóðsins sé í samræmi við reikningsskilareglur.  Endurskoðun okkar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: <ul style="list-style-type: none"><li>Gagnaendurskoðun á útlánunum og virði trygginga.</li><li>Lögðum mat á varúðarniðurfærslu útlána og taphættu í tengslum við útlánasafn sjóðsins.</li><li>Við höfum farið yfir hvort skýringar vegna útlána séu í samræmi við lög um ársreikninga.</li></ul>

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og sparisjóðsstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra, yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og sparisjóðsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og sparisjóðsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og sparisjóðsstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og sparisjóðsstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Smára Sparisjóðs hf. Ef við á, skulu stjórn og sparisjóðsstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og sparisjóðsstjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur sparisjóðsins hefur Deloitte veitt sjóðnum aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árshlutareiknings og ýmsar skatta- og reikningsskilafyrirspurnir. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við stjórn og endurskoðunarnefnd að við erum óháð Smára Sparisjóði hf. (Sparisjóði Höfðhverfinga hf.).

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

## Kosning endurskoðanda

Deloitte var kjörið endurskoðandi Smára Sparisjóðs (Sparisjóðs Höfðhverfinga) á aðalfundi sjóðsins þann 3. júní 2025. Deloitte hefur verið endurskoðandi Smára Sparisjóðs hf. (Sparisjóðs Höfðhverfinga hf.) síðan á aðalfundi sjóðsins árið 2016.

Akureyri, 27. mars 2026.

**Deloitte ehf.**

Pálína Árnadóttir  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Vaxtatekjur</b>			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir .....		388.394	194.369
Vaxtatekjur af útlánum .....		825.260	557.159
Vaxtatekjur af markaðsbréfum .....		11.412	0
		1.225.067	751.527
<b>Vaxtagjöld</b>			
Vaxtagjöld af innlánum .....		699.860	476.286
Vaxtagjöld af víkjandi lánum .....		15.340	16.347
		715.200	492.633
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>		509.867	258.895
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum .....		0	1.778
Þjónustutekjur .....		91.072	55.903
Þjónustugjöld .....		(35.990)	(18.288)
Gengishagnaður .....	3	485	420
Ýmsar rekstrartekjur .....	3	17.911	7.569
		73.477	47.382
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		583.344	306.277
<b>Önnur rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	200.369	114.912
Annar rekstrarkostnaður .....	5	321.881	170.550
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	10,11	31.011	15.930
		553.260	301.392
Framlög í afskriftareikning útlána .....	8	(1.335)	(3.089)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		28.749	1.795
Tekjuskattur .....	6	(5.634)	(78)
<b>Hagnaður ársins</b>		23.114	1.718

## Efnahagsreikningur 31.12.2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
<b>Sjóður og kröfur á lánastofnanir</b>			
Sjóður .....		72.364	29.992
Bundin innlán og aðrar kröfur á Seðlabanka Íslands .....	7	5.476.007	2.072.857
Kröfur á lánastofnanir .....		104.499	66.529
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals		5.652.869	2.169.378
<b>Útlán</b>			
Útlán til viðskiptamanna .....	8	8.004.316	5.680.021
Fullnustueignir .....	8	50.000	50.000
Útlán samtals		8.054.316	5.730.021
<b>Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum</b>			
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum .....	9	514.894	0
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum .....	9	518.899	2.518
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals		1.033.793	2.518
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	10	52.520	5.938
Óefnislegar eignir .....	11	108.964	69.360
Tekjuskattseign .....	12	0	7.553
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur .....		23.317	3.861
Aðrar eignir samtals		184.802	86.712
<b>Eignir samtals</b>		14.925.780	7.988.628

## Efnahagsreikningur 31.12.2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Innlán</b>			
Óbundin innlán .....		10.857.729	5.628.398
Bundin innlán .....	13	2.685.315	1.545.975
Innlán samtals		13.543.045	7.174.373
<b>Aðrar skuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	14	188.246	98.460
Tekjuskattsskuldbinding .....	12	903	
Aðrar skuldir samtals		189.149	98.460
Víkjandi lán .....	15	166.332	160.393
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		965.512	538.338
Lögbundinn varasjóður .....		19.844	15.518
Óráðstafað eigið fé .....		41.900	1.546
Eigið fé samtals	16	1.027.255	555.402
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		14.925.780	7.988.628
<b>Skuldbindingar utan efnahagsreiknings og aðrar upplýsingar</b>	17		
<b>Áhættustýring og eftirlit</b>	18		

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		23.114	1.718
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar .....			
Hreinar vaxtatekjur .....		(509.867)	(258.895)
Gengismunur .....		(485)	(420)
Framlag í afskriftareikning útlána .....	8	1.335	3.089
Tekjuskattur í rekstri .....	6	5.634	78
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna .....		31.011	15.930
		(449.257)	(238.500)
Útlán og kröfur, breyting .....		789.601	(457.949)
Aðrar eignir, breyting .....		(10.641)	886
Innlán, breyting .....		852.664	639.974
Bindireikningar, breyting .....		(7.184)	(89.438)
Aðrar skuldir, breyting .....		8.562	1.681
		1.633.002	95.155
Innheimtir vextir .....		1.225.067	751.527
Greiddir vextir .....		(708.000)	(482.566)
Handbært fé frá rekstri		1.700.812	125.615
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....		(10.423)	(2.186)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....		(20.650)	(16.431)
Seld (keypt) verðbréf með föstum tekjum .....		(714.195)	0
Seld hlutabréf .....		0	10.798
Fjárfestingahreyfingar		(745.268)	(7.819)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjármögnunarhreyfingar		0	0
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í ársbyrjun .....		1.857.846	1.742.391
Áhrif samruna .....		2.291.017	0
Áhrif gengisbreytinga á erlendar bankainnistæður .....		3.103	(2.343)
<b>Handbært fé í lok árs</b>		<b>5.107.510</b>	<b>1.857.846</b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Sparisjóðurinn heitir Smári sparisjóður hf. Heimilisfang sparisjóðsins er að Túngötu 3, 610 Grenivík. Sparisjóðurinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og stundar sparisjóðsstarfsemi eins og hún er skilgreind í lögnum.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

### Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í desember 2025. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánnum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum, lántöku og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

### Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, ásamt arði af fjárfestingahlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

### Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem sparisjóðurinn kaupir af öðrum fjármálafyrirtækjum vegna viðskiptamanna sinna, en þau þjónustugjöld eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

### Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn að því marki sem talið er að hún muni nýtast. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi sjóðsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

### Fjársýsluskattur

Sparisjóðurinn greiðir fjársýsluskatt, en skatturinn er lagður á fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Skatturinn er lagður á laun og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum í rekstri sjóðsins.

### Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun þann 31.12.2025. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2026 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok desember 2025.

### Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.

### Fullnustueignir

Sparisjóðurinn hefur leyst til sín eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar í reikningi sparisjóðsins á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði reynist það lægra.

# Skýringar

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir frh.

### Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingaverðbréf. Til fjárfestingaverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru eignfærð á kostnaðarverði, áætluðu gangvirði eða samkvæmt innra virði. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsvirði miðað við lok desember 2025.

### Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Sparisjóðurinn færir tiltekna fjáreignir við upphaflega skráningu þeirra í bókhaldi sem fjáreignir á gangvirði. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning,

### Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning

### Skuldabréfaeign

Skuldabréf eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta.

### Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	50 ár
Innréttingar og húsbúnaður .....	5 - 10 ár
Skrifstofuáhöld og tæki .....	4 - 5 ár

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir sjóðsins samanstanda af hugbúnaði. Eignir þessar eru afskrifaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning. Áætlaður nýtingartími:

Hugbúnaður .....	4 - 10 ár
------------------	-----------

### Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

### Lántaka

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með vijkandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 16. Lánin eru færð til skuldar með áföllum vöxtum og verðbótum í desember 2025.

## 3. Aðrar rekstrartekjur

	2025	2024
Tekjur af eignarhlutum greinast þannig:		
Hagnaður af sölu hlutabréfa .....	0	1.778
	0	1.778
Gengishagnaður greinist þannig:		
Fjárfestingaskuldabréf .....	0	20
Veltu- og fjárfestingahlutabréf .....	203	26
Gjaldeyristengdar eignir og skuldir .....	282	374
Samtals .....	485	420
Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:		
Húsaleiga .....	7.986	7.569
Aðrar tekjur .....	9.924	0
Samtals .....	17.911	7.569

## Skýringar

### 4. Starfsmannamál

	31.12.2025	31.12.2024
Starfsmannafjöldi sparisjóðsins umreiknaður í heilsársstörf er sem hér segir:		
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu .....	12,6	7,5
Stöðugildi í lok ársins .....	10,1	8,6
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun .....	156.195	88.907
Launatengd gjöld .....	33.983	20.012
Fjársýsluskattur .....	10.191	5.994
Laun og launatengd gjöld samtals .....	200.369	114.912

Laun og bóknarir til stjórnar og sparisjóðstjóra inniheldur laun Smára sparisjóðs/Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. fyrir allt árið og laun stjórnar Sparisjóðs Strandamann hf. fram að sameiningu og greinist þannig:

	2025		2024	
	Laun	Hlutfé í árslok	Laun	Hlutfé í árslok
Halldór Jóhannsson, formaður stjórnar .....	1.675	0	1.240	0
Víðir Álfgeir Sigurðarson, varaformaður stjórnar .....	2.648	18.983	0	0
Sigurður Jóhann Ingólfsson, stjórnarmaður .....	2.505	551	2.655	588
Björn Líndal Traustason, stjórnarmaður .....	1.270	1.032	0	0
Hildur Ösp Gylfadóttir, stjórnarmaður .....	345	0	0	0
Sverrir Gestsson, varamaður í stjórn .....	1.165	0	791	0
Finnur Ólafsson, varamaður í stjórn .....	973	0	0	0
Fjóla Valborg Stefánsdóttir, fyrrv. stjórnarmaður .....	1.100	0	1.240	0
Heimir Ásgeirsson, fyrrv. stjórnarmaður .....	1.100	1.575	1.240	1.680
Snjólaug Svala Grétarsdóttir, fyrrv. stjórnarmaður Sparisjóðs Höfðhv. ....	0	0	505	0
Guðjón Sigurgeirsson, fyrrv. stjórnarmaður Sparisjóðs Strandamanna .....	925	13.092	0	0
Jenný Jensdóttir, fyrrv. stjórnarmaður Sparisjóðs Strandamanna .....	925	19.638	0	0
Guðmundur R. Björnsson, fyrrv. varamaður Sparisjóðs Strandamanna .....	90	0	0	0
Jón Ingvi Árnason, sparisjóðsstjóri .....	28.331	0	27.866	0
Samtals .....	43.050	54.872	35.537	2.268

Sigurður Jóhann Ingólfsson fær greitt fyrir störf stjórnarformanns fram til október og sem stjórnarmaður eftir það, og fyrir setu í endurskoðunarnefnd. Halldór Jóhannsson fær greitt fyrir störf stjórnarformanns frá og með október og sem stjórnarmaður fram að því. Víðir Álfgeir Sigurðarson, Björn Líndal Traustason og Hildur Ösp Gylfadóttir voru kjörin stjórnarmenn á hluthafafundi Sparisjóðs Höfðhverfinga í október í stað Fjólu Valborgar Stefánsdóttur og Heimis Ásgeirssonar sem létu af störfum og Sverris Gestssonar sem var kjörinn varamaður.

Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum og sparisjóðsstjóra lán og nema þau 7,8 millj. kr. í lok ársins 2025. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

### 5. Annar rekstrarkostnaður

	2025	2024
Upplýsingatækni kostnaður .....	161.063	75.665
Félagsgjöld SÍSP .....	22.315	12.236
Húsaleiga .....	22.792	20.149
Endurskoðun .....	20.847	6.303
Innri endurskoðun .....	2.899	4.300
Önnur þjónusta endurskoðenda .....	1.894	462
Lögfræðikostnaður .....	2.068	2.085
Sérfræðikostnaður vegna samruna .....	14.157	0
Annar sérfræðikostnaður .....	8.557	8.545
Gjöld til eftirlitsaðila .....	9.540	4.500
Annar rekstrarkostnaður .....	55.748	36.306
Samtals .....	321.881	170.550

## Skýringar

### 6. Tekjuskattur

	2025		2024	
Hagnaður fyrir skatta .....		28.749		1.795
Tekjuskattur af afkomu ársins .....	20%	5.750	20%	359
Frádráttur vegna fjárfestingaeigna .....	0%	41	20%	364
Breytingar á mati á skattinneign v. yfirfæranlegs taps .....	0%	80	0%	79
Ófrádráttarþær gjöld .....	0%	5	0%	4
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	20%	5.634	0%	78

Skattur í efnahagsreikningi greinist þannig:

	2025	2024
Tekjuskattsinneign í byrjun árs .....	7.553	7.631
Áhrif samruna .....	(2.821)	0
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	(5.714)	2
Breytingar á mati á skattinneign v. Yfirfæranlegs taps .....	79	(79)
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs (skuld) eign .....	(903)	7.553

